

# REIM2KF05

## REIM2KF05 – Reiðmennska verklegt IV – Knapinn og þjálfun hrossa

### Lýsing:

Áhersla lögð á knapann, líkamsbeitingu, jafnvægi, viðhorf og andlega líðan. Áframhaldandi grunnþjálfun hesta á líkamlegum og andlegum forsendum hestsins. Teymingar og framhaldsfimipjálfun. Samspil hvetjandi og hamlandi ábendinga. Söfnun og töltþjálfun. Farið er ítarlega í mikilvægi jafnvægis, góðs forms og grunnatriða þjálfunar með tilliti til hreyfieðlis hestsins. Nemendur læra að nýta sér búnað og aðstöðu og fjölbreyttar aðferðir til að hámarka góðan árangur við þjálfun hests.

**Forkröfur:** HEST2GP05, REIM2GP05, FÓHE1GR03, VINH2FH10

### Þekkingarviðmið:

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- þjálfunarhugtökum og skilgreiningum sem liggja þeim að baki.
  - þjálfunarstigum klassískrar reiðmennsku.
  - formi og líkamsbeitingu hestsins.
  - muninn á andlegu jafnvægi og spennu hjá hestum.
  - grunnatriðum þjálfunar með tilliti til hreyfieðlis hestsins.
  - framhalds fimíæfingum og þjálfun þeirra.
  - samspili hvetjandi og hamlandi ábendinga.
  - upphafi söfnunar, stöðvun og hömlun.
  - mismunandi vinnuaðferðum og nálgun við þjálfun hesta.
  - taumsambandi og taumhaldi, helstu forsendum og notkun.
  - öllum helstu ásetum forsendum þeirra og notkun.
  - eðli og tilgang markmiðssetningar og þjálfunaráætlana.
  - töltþjálfun
- 

### Leikniviðmið:

## **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- nýta sér búnað og aðstöðu og fjölbreyttar aðferðir til að hámarka góðan árangur við þjálfun hests.
- grunnþjálfna rétt gangtegundir (utan skeiðs).
- nota allar ásetur markvisst.
- grunnþjálfna hest á líkamlegum og andlegum forsendum hestsins, jafnvægi og gott form.
- nota helstu fimmiæfingar (grunnur) til að bæta jafnvægi og liðleika hestsins.
- setja upp skynsamlegar aðstæður við þjálfun hests og leggja mat á árangur.
- setja fram einfaldar þjálfunaráætlanir og fylgja þeim.
- greina þjálfunarstig hesta og setja fram einfaldar þjálfunaráætlanir í samræmi við þarfir hestsins.

## **Hæfniviðmið:**

### **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

hafa mjög gott vald á lóðréttri og stígandi ásetu og gott jafnvægi á baki hestsins.

hafa nákvæmt og næmt taumhald.

geta riðið krossgang til beggja hliða í góðu jafnvægi.

hafa gott vald á baugavinnu og reiðleiðum á vellinum á feti, tölti/brokki og stökki.

geta riðið gangskiptingar markvisst og af nákvæmni.

geta látið hestinn stöðva, bíða eftir ábendingu frá knapanum og fara rétt af stað í góðu jafnvægi. hestur og knapi séu spennulausir, í andlegu og líkamlegu jafnvægi. geta notað samspil hvetjandi og hamlandi ábendinga.

## **Námsmat:**

Námsmat er fjölbreytt og felst meðal annars í ýmsum verkefnum, prófum, jafningjamati og sjálfsmati.

## Sérreglur áfangans:

Námsmat fer fram í formi mats á frammistöðu og virkni í kennslustundum auk þess sem nokkur verkefni verða lögð fyrir. Annarsvegar er um að ræða verkefni unnin í kennslustund.

Áfanginn er símatsáfangi. Til að standast áfangann þarf að ná að lágmarki 5 í einkunn.

***Þar sem áfanginn er verklegur, er stuðst við raunmætingu í reglunum um skólasókn.***

Mæting 25%

Virkni í tímum 25%

Hindrunarstöcksverkefni 15%

Þáttaka á vetrarleikar 15%

Knapamerki 4 20%

Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar:

Viku	Dagsetning	
2	7.-11.jan.	1.Hindrunarstökk, hestarnir skoðaðir í hindrunarstökki án knapa 2.Brokkspírur og létt áseta
3	14.-18.jan.	1.Sætisæfingar létt áseta 2.Brokkspírur og hindrunastökk
4	21.-25.jan	1.og 2. Half halt, tölt, gangskiptingar og hraðabreytingar. Undirbúningur fyrir vetrarleikar FSu.
5	28.jan.-1. feb.	1.Hindrunarstökk og brokkspírur 2.Hindrunarstökk og brokkspírur

6	4.-8.feb.	1.Hindrunarstökk og fimíæfingar 2. Hindrunarstökk og fimíæfingar
7	11.-15.feb.	Half halt, tölt, gangskiptingar og hraðabreytingar. Hringvallareið. Undirbúningur fyrir vetrarleikar FSu.
8	18.-22.feb.	Kátir dagar 20.-21. Flóafár 22. <b>VETRARLEIKAR FSU 20. Feb.</b>
9	25.feb.- 1.mars	Vinna í hendi Teymingar á hesti
10	4.-8.mars	Undirbúningur fyrir knapamerki 4
11	11.-15.mars	Gangskiptingar
12	18.-22.mars	Reiðleiðir
13	25.-29.mars	Fímíæfingar
14	1.-5. apríl	Undirbúningur fyrir knapamerki 4
15	8.-12.apríl	<b>Knapamerki 4</b>
16	14.-19.apríl	Páskafrí
17	22.-26.apríl	Páskafrí mánudag - þriðjudag Sumardaginn1. Fimmtudag Kennsla miðvikudag og föstudag
18	29.apríl- 3.mai	Miðvikudagurinn 1. Mai frí. Upprifjun
19	6.-10.mai	Vettvangsferð
20	13.-17.mai	Prófavíka